

Ályktun um þjóðgarð á Vestfjörðum

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði 8.-10. september skorar á umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að taka upp að nýju vinnu við stofnun þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum.

Mikil tækifæri eru fólgin í stofnun þjóðgarðs. Markmið með þjóðgarði er að vernda og varðveita til framtíðar einstakt svæði sem inniheldur m.a friðlandið í Vatnsfirði og tvö náttúruvætti, Dynjanda og Surtarbrandsgil.

Í drögum að friðlýsingarskilmálum sem lágu til umsagnar árið 2021 er sérstaklega tekið tillit til núverandi nýtingar innan svæðisins sem og nauðsynlegrar innviðaupbyggingar m.a. veglagningu um Dynjandisheiði. 67. Fjórðungsþing leggur áherslu á að ekki verði settar íþyngjandi takmarkanir við framtíðarorkuöflun innan marka þjóðgarðsins, viðhald og endurnýjun flutningslína raforku og orkumannvirkja verði ekki takmörkuð sem og uppbygging samgöngu- og fjarskiptamannvirkja, m.a. á Dynjandisheiði.